
MINNISBLAÐ

TIL: STJÓRNAR SSH
FRÁ: SVIÐSSTJÓRUM VELFERÐARMÁLA Í KRAGANUM
EFNI: UMDÆMISRÁÐ BARNAVERNDAR
DAGS: 7. NÓVEMBER 2022

Með lögum nr. 107/2021 voru gerðar töluverðar breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Samkvæmt þeim ákvæðum laganna sem koma til framkvæmda 1. janúar nk. skal starfrækja sérstakt umdæmisráð barnaverndar í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu, en a.m.k. 6.000 íbúar skulu vera umdæmi hvers umdæmisráðs. Er umdæmisráði ætlað að taka ýmsar ákvarðanir með úrskurði, s.s. um beitingu úrræða án samþykkis foreldra, um vistun barns utan heimilis og um heimildir barnaverndarþjónustu til að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði og um forsjárviptingu. Umdæmisráðum er ætlað að vera sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnsýslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðs barnaverndar taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála. Í lögunum er þá að finna heimild fyrir sveitarfélög til að gera samninga sína á milli um samstarf um umdæmisráð.

Ofangreint, þ.e. möguleikar á samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur umdæmisráðs, hefur nokkrum sinnum komið til umræðu á fundum stjórnar SSH, þ.e. á 531., 537. og 545. fundi.

Á 545. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað í fundargerð:

2109010 - Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins

Framhald umræðu frá 531. og 537. fundum.

Samþykktar hafa verið breytingar á barnaverndarlögum sem leiða til breytinga á uppbyggingu barnaverndar innan sveitarfélaga. Samkvæmt lögunum verða barnaverndarnefndir lagðar niður og í stað þeirra starfræktar tvær aðskildar einingar á vettvangi sveitarfélaga, annars vegar barnaverndarþjónusta og hins vegar umdæmisráð barnaverndar. Þessum breytingum var ætlað að taka gildi hinn 28. maí 2022 en síðar var gildistöku frestað til 1. janúar 2023.

Fyrirliggjandi er nú erindi samráðshóps á sviði velferðarmála, dags. 29. september 2022, þar sem fram kemur að sviðsstjórar velferðarsviða aðildarsveitarfélaga SSH utan Reykjavíkur, auk nágrannasveitarfélaga, hafi lýst yfir vilja til samstarfs um rekstur sameiginlegs umdæmisráðs.

Er í erindinu farið fram á að samráðshópnum, þ.e. sviðsstjórum velferðarmála verið falið umboð til að vinna málið áfram, og gera drög að samningi milli ofangreindra sveitarfélaga auk kostnaðargreiningar vegna umrædds umdæmisráðs. Þegar drög slíkra samninga liggja fyrir verði þau að nýju lögð fyrir stjórn SSH.

Fyrirliggjandi er sniðmát slíks samstarfssamnings sem unnið hefur verið af Barna- og fjölskyldustofu. Jafnframt er fyrirliggjandi minnisblað deildarstjóra í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu, dags. 11. febrúar 2022, þar sem nánar er fjallað um tillögur að fyrirkomulagi en ætla má að forsendur breytist með aðkomu fleiri sveitarfélaga.

Þá er fyrirliggjandi minnisblaðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. febrúar 2022, sem lagt var fyrir 537. fund stjórnar, en í því er að finna nánari umfjöllun um umdæmisráð barnaverndar og mögulegt samstarf sveitarfélaga á þeim vettvangi.

Samráðshópnum er falið að vinna málið áfram, og gera drög að samningi milli ofangreindra sveitarfélaga auk kostnaðargreiningar vegna umrædds umdæmisráðs. Þegar drög að framangreindu liggja fyrir verði þau að nýju lögð fyrir stjórn SSH.

Í kjölfar þessa fundar hefur verið unnið áfram að málinu í samstarfi sviðsstjóra velferðarmála og með aðkomu lögfræðings SSH. Liggja nú fyrir drög að samningi og eru helstu atriði hans eftirfarandi:

Aðildarsveitarfélög

Við nánari úrvinnslu var tekin sú afstaða að það væru aðeins sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, sem aðild ættu að ráðinu, en ekki sveitarfélög á Suðurnesjum auk Árborgar eins og áður var til skoðunar. Helgast það af því að um nýtt verklag er að ræða sem mikilvægt þótti að SSH og stjórn SSH hefðu aðkomu að og hægt væri að sinna eftirfylgni og þróun á þeim vettvangi. Slíkt væri illmögulegt hefðu sveitarfélög utan SSH aðkomu. Jafnframt hefði þá þurft að gera ráð fyrir framlagi til ráðsmanna vegna ferðakostnaðar á fundarstaði væri um að ræða ferðir utan höfuðborgarsvæðisins. Slíkt þótti flókið í framkvæmd og því ákveðið, að í það minnst til að byrja með, væru það aðeins sveitarfélögin innan SSH, utan Reykjavíkur, sem hefðu samstarf sín á milli.

Skipan umdæmisráðs

Í drögunum er gert ráð fyrir að sveitarfélögin komi sér saman um skipan ráðsmanna og skrifi öll undir skipunarbréf þeirra. Um sérstakt hæfi ráðsmanna segir í lögnum að einn skal vera félagsráðgjafi, einn sálfræðingur og einn lögfræðingur, sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnavernd. Þeir skulu að öðru leyti hafa næga þekkingu og færni til að geta sinnt starfi ráðsmanns. Ráðuneyti hefur tekið saman lista aðila sem hafa boðið sig fram til setu í umdæmisráðum og uppfylla hæfisskilyrði til starfans. Á grundvelli þess lista gera viðkomandi sviðsstjórar meðfylgjandi tillögu um ráðsmenn, þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Hefur hæfi þeirra aðila, þá einnig með tilliti til hugsanlegs vanhæfis, verið skoðað sérstaklega og eru sviðsstjórar á einu máli um að þessir aðilar séu hæfastir til starfans. Þar sem umdæmisráð þarf að taka til starfa um áramót, og öll sveitarfélög þurfa að skrifa undir skipunarbréf ráðsmanna þótti þessi tilhögun henta best svo náist að móta starfhæft umdæmisráð fyrir áramót og er því lagt til að umrædd tillaga að ráðsmönnum verði send aðildarsveitarfélögunum til afgreiðslu.

Verkefni í mótun

Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir ráðningu starfsmanna heldur því að ráðsmenn sjálfir sjái um ritun úrskurða, samskipti við viðkomandi aðila og barnaverndarþjónustur, boðun funda og frágang mála. Er þá ekki gert ráð fyrir að nefndin hafi fast aðsetur eða vinnuáðstöðu heldur að ráðsmenn sjái sjálfir fyrir því. Í ljósi þess að ekki er að fullu ljóst hvert umfang starfans verður, hvort þörf er á t.a.m. starfsmanni vegna utnumhalds eða ritunar úrskurða er gert ráð fyrir að sviðsstjórar velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna fundi reglulega með ráðinu og leggi þá rökstuddar tillögur fyrir aðildarsveitarfélögin sé talin þörf á breytingum á samningnum eða viðaukum við hann.

Kostnaður

Gert er ráð fyrir að fastur kostnaður vegna starfa ráðsins skiptist milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda. Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir starfsmönnum eða kostnaði við húsaleigu eða rekstur skrifstofu og felst fasti kostnaðurinn því aðeins í árlegum styrk sem greiddur er ráðsmönnum til

kaupa á búnaði til að nota við starfann. Styrkurinn er að fjárhæð 100.000 kr.- pr. aðal- og varamann og er því um að ræða 600.000 kr. sem skiptast milli sveitarfélaga með framangreindum hætti. Þá er gert ráð fyrir að ráðsmenn fái greidda þóknun vegna hvers máls sem kemur til kasta ráðsins. Greiðsla er innt af hendi fyrir hvert mál í eitt sinn, sama hversu oft málið er tekið fyrir af ráðinu. Sé t.a.m. um að ræða framlengingu á úrskurði er því ekki gert ráð fyrir sérstakri greiðslu vegna þess þar eð málið sem slíkt hefur þá verið tekið fyrir áður. Varði mál fleiri en eitt barn er er greitt álag sem nemur 30% þóknunar fyrir varði mál tvö börn og 20% þóknunar varði mál þrjú börn. Eftir það greiðist 10% álag fyrir hvert barn umfram þrjú. Skiptir þá ekki máli þó um fleiri en einn úrskurð sé að ræða. Gert er ráð fyrir að þóknun formanns vegna hvers máls sé 400.000 kr., þóknun annarra 200.000 kr., og að því sér heildarkostnaður vegna hvers máls 800.000 kr., komi ekki til ofangreindrar álagsgreiðslu. Þessi kostnaður greiðist að fullu af viðkomandi sveitarfélagi.

Fjárhagsleg umsýsla

Gert er ráð fyrir SSH annist fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins í samráði við sviðsstjóra velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna.

Meðfylgjandi minnisblaði þessu eru lögð fram:

1. *Drög að samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum*
2. *Drög að viðauka 1 við samning um rekstur umdæmisráðs*
3. *Tillaga um ráðsmenn, aðalmenn og varamenn ásamt rökstuðningi*